



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið

frn@frn.is
545 8100

Síðumúla 24,
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis
Skúli Magnússon
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2023
Tilv.: FRN22030259/00.05.01

Efni: Svar við erindi umboðsmanns Alþingis vegna máls nr. O10/2021

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 30. mars. 2022, þar sem óskað er eftir viðbrögðum við þeim ábendingum og tilmælum sem koma fram í skýrslu umboðsmanns vegna heimsóknar á bráðageðdeild 32C á grundvelli OPCAT-eftirlits embættisins, og heyra undir málefna svið ráðuneytisins. Beðist er velvirðingar á því hversu seint svar við erindinu berst.

Í 11. kafla framangreindrar skýrslu er fjallað um skort á viðeigandi úrræðum sem leitt getur til þess að sjúklingar dvelji lengur á bráðageðdeild en þörf krefur. Fram kemur að vöntun á búsetuúrræðum fyrir sjúklinga að spítalavist lokinni geti haft þær afleiðingar að sjúklingar sæti meiri takmörkunum en þörf er á m.t.t. veikinda þeirra. Í lok kaflans er þeim tilmælum og ábendingu beint til ráðherra félagsmála að *huga að því með aðkomu sveitarfélaganna hvernig draga megi úr því að frelsissvipting fólks, af því tagi sem fjallað hefur verið um í skýrslunni, verði lengri og meira íþyngjandi en meðferðaraðilar telja þörf á.*

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tekur undir mikilvægi þess að auka framboð á félagslegum úrræðum þannig að frelsissvipting sjúklinga vari ekki lengur en þörf krefur.

Þáverandi félags- og barnamálaráðherra skipaði í janúar árið 2021 starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Meðal hlutverka starfshópsins var að greina álitæfni varðandi framkvæmd laganna og gera tillögur um breytingar. Vinna hópsins tók mið af Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í skýrslu starfshópsins frá apríl 2022 greinir að mikill skortur hafi verið á sértæku húsnæði og þjónustu við fatlað fólk um langt skeið, og að biðlistar hafi myndast þrátt fyrir að réttur fatlaðs fólks á framangreindu hafi ekki verið véfengdur. Starfshópurinn leggur fram tillögur í skýrslunni sem lúta að því hvernig vinna skal á biðlistum eftir þjónustu og húsnæði, þ.m.t. sértæku húsnæði, fyrir fatlað fólk og leggja niður herbergjasambýli. Meðal þess sem lagt er til er að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) verði tryggt viðbótarfjármagn til þess að veita stofnframlög til þess að vinna á biðlistum eftir húsnæði fyrir fatlað fólk. Þá er einnig lagt til að HMS verði heimilað að veita hlutdeildarlán til fatlaðra einstaklinga sem eiga rétt á félagslegu húsnæði og hafa tök á að kaupa eigið húsnæði. Ráðuneytið er með umræddar tillögur til skoðunar og forgangsröðunar og á í virku samtali við innviðaráðuneytið, HMS og Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þeirra. Þá skal nefna að í upphafi árs undirrituðu innviðaráðherra og borgarstjóri samkomulag um húsnæðisuppbyggingu í Reykjavík á tímabilinu 2023-2032, þar með talið um fjármögnun á uppbyggingu á félagslegu húsnæði.

Ráðuneytið bendir enn fremur á að vinna í landsáætlun um innleiðingu á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er komin á fullt skrið, en í henni felst heildstæð stefnumótun í

málefnum fatlaðs fólks á Íslandi. Landsáætlun er unnin í viðtæku samráði við hagaðila og sveitarfélög. Ráðuneytið leggur ríka áherslu á húsnæðis- og búsetumál fatlaðs fólks í þeirri vinnu, og að framboð verði aukið á úrræðum m.a. í því skyni að frelsissvipting einstaklinga í þeim hópi sé ekki íþyngjandi umfram þörf, og vari ekki lengur en þörf krefur.

Fyrir hönd ráðherra

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir
Jóna Guðný Eyjólfsdóttir

Soffía Dóra Jóhannsdóttir
Soffía Dóra Jóhannsdóttir